

SAMÞYKT**72**
19. okt.

um

**silungs- og laxveiði í Laugarvatni og ám þeim, sem renna
í það og úr því.**

Sýslunefndin í Árnessýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 5, 19. febrúar 1886 um friðun á laxi og lögum nr. 55, 30. júlí 1909 um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, gert eftirfarandi samþykkt um silungs- og laxveiði í Laugarvatni og ám þeim, sem renna í það og úr því.

1. gr.

Samþykkt þessi nær til alls Laugarvatns og áa þeirra, er renna í það og úr því, innan Laugardalshrepps.

2. gr.

Í vatninu mega landeigendur að vatninu hafa lagnet á hvaða tíma árs sem er, þó ekki meira en 200 faðma hver. Stærð möskva skal vera minst $3\frac{1}{4}$ sentimetrar. Enginn má leggja net á riðbletti í vatninu frá nóvember byrjun til janúarloka ár hvert.

3. gr.

Öll ádráttarveiði er bönnuð í vatninu og ám þeim, sem í það renna og úr, allan ársins tíma. Þó getur veiðistjóri leyft slíka veiði, ef hún telst nauðsynleg til silungs- og laxaklaks í hreppnum.

4. gr.

Öllum þeim sem rjett eiga til silungs- og laxveiði í vatninu eða ám þess, er skylt að byggja klakhús fyrir silung og lax á næsta hausti, þar sem heppilegast þykir. Kostnaði við slíka byggingu og rekstur klaksins skal jafnað niður á þá, sbr. 5. gr.

5. gr.

Á aðalfundi, sem haldinn skal árlega í aprílmánuði, skal kjósa veiðistjóra og tvo meðstjórnendur. Gildir kosning þeirra til þriggja ára. Atkvæðisrjett við þessar kosningar hafa allir þeir, er veiðirjett eiga á svæði því, er samþykkt þessi nær til. Þó kemur atkvæði landsdrottins, ef hann kemur til fundar, í stað leiguliða.

Veiðistjóri heldur bók til að rita í veiðiskýrslur, svo og reikninga yfir kostnað við klakhús o. fl. Hann sjer og um að veiðisamþykkt

72 þessi sje haldin. Fyrir ritföng og annan nauðsynlegan kostnað og fyrir-
19. okt. höfn fær hann þóknun. Skal kostnaður allur greiðast að öðrum helmingi eftir fasteignamati hlutaðeigandi jarða en að hinum helmingi úr sveitarsjóði Laugardalshrepps.

6. gr.

Á aðalfundi skulu lagðir fram til samþykta reikningar og skýrslur veiðisamþyktarsvæðisins fyrir næsta ár á undan.

7. gr.

Veiðisamþykkt þessari má breyta, ef $\frac{3}{5}$ atkvæða á aðalfundi samþykkja.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, en að helmingi til uppljóstrarmanns.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.